

Ég, samskipti og samfélagið

Starfsbrautaráfangi við VMA

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

September 2013
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Verkefni: Ég, samskipti og samfélagið.
Verkefnastjórar: Sigrún Fanney Sigmarsdóttir og Snorri Björnsson

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins er að skapa heildstæðan áfanga í kynja- og kynfræðslu fyrir nemendur á starfsbraut sem einnig gæti nýst nemendum á öðrum brautum. Í þessum áfanga öðlast nemendur aukna færni í félagslegum samskiptum og eiga auðveldara með að tala um tilfinningar sínar og reynslu og kemur það inná grunnþætti í Aðalnámskrá framhaldsskóla um heilbrigði og velferð, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Að nemendur verði meðvitaðri um eigin þarfir, hvað sé rétt og rangt og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það. Einnig að skapa jákvætt viðhorf nemenda gagnvart kynhneigð, kynferði og mismun kynjanna og að þeir verði læsir á skilaboð samfélagsins varðandi þessa þætti. Þá verður nemendum kynnt mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér og þá t.d. með því að fjallað verður um almenna hirðu líkamans, daglegt hreinlæti, líkamsþjálfun og næringu. Með því eru nemendur m.a. undirbúnir undir daglegt líf í sjálfstæðri búsetu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Áfanginn byggir á kynfræðslu, kynjafræði og lífsleikni og var tilraunakenndur á vorönn 2013. Eftir þá reynslu kom í ljós að um mikið efni var að ræða sem ekki náðist að fara eins vel í og æskilegt væri. Því var brugðið á það ráð að áfanginn yrði tvær annir skólaárið 2013 – 2014 og er hann kenndur tvisvar í viku, 2x40 mínútur í hvort skipti. Þar sem nemendahópurinn er mjög mismunandi ár frá ári hvað varðar hæfni til náms voru verkefnin unnin á fjölbreyttan máta. Leitast var við að stofna samræðusamfélag þar sem nemendur komu saman á jafnréttisgrundvelli og þjálfuðust í að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri og nota gagnrýna hugsun. Nemendur unnu ýmis verkefni, bæði sem einstaklingar og í hópum. Jafnframt fengu þeir fræðslu frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi og skólahjúkrunarfræðingi.

Kennarar voru einnig í samskiptum við Jafnréttisstofu og nýttu sér m.a. *Kynungabók* sem gefin er út af Mennta – og menningarmálaráðuneytinu árið 2010.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þar sem ekki fékkst styrkur fyrir öllum kostnaðarliðum hefur þurft að hagræða undirbúningsvinnu í samræmi við það.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Efni áfangans er svo umfangsmikið að betra er að dreifa því á tvær annir í stað einnar eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Verkefnið hefur kallað á þverfagleg vinnubrögð við samþættingu námsefnis þriggja námsgreina.

Jákvæð umræða hefur orðið um þessi mál í kjölfarið á kynningu á áfanganum, sem hefur m.a. leitt

til þess að sambærilegur áfangi er kenndur á annarri braut við skólann.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið hefur haft þau áhrif að nemendur starfsbrautar við VMA fá nú samþætta markvissa kennslu í kynfræðslu, kynjafræði og eflingu sjálfsmyndar og samskipta.

Niðurstöður verkefnisins:

Markmiðið með áfanganum var að nemendur á starfsbraut fengju kennslu í kynfræðslu, kynjafræði og lífsleikni. Það markmið hefur náðst því áfanginn ÉSSXS24 er nú kenndur á starfsbraut sem skylduáfangi fyrir nemendur á þriðja ári, bæði á haust- og vorönn. Merkjanlegur munur var á viðhorfi nemenda til samfélagsins með tilliti til eigin stöðu, jafnréttismála og fleiri þátta sem farið var í á námskeiðinu. Sjálfsmynd flestra nemenda efldist eftir því sem leið á, um leið og þeir æfðust í að tjá tilfinningar sínar og skoðanir og gerðu sér t.d. um leið grein fyrir gildi jákvæðra viðhorfa til sjálfs sín og samfélagsins. Viðhorf nemenda til mismunar kynjanna og fjölbreytileika mannlífsins s.s. gagnvart kynhneigð og kynferðis tók breytingum á önninni og urðu nemendur jákvæðari til þessara þátta.

Áfanginn var kynntur á vinnudögum kennara við VMA í maí og var það til þess að nú er sambærilegur áfangi kenndur við aðra braut í skólanum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Áfanginn var kynntur á þriggja daga námskeiði sem fjallaði um lýðheilsu fatlaðra ungmenna í samstarfi við Endurmenntun í byrjun júní 2013 og var ætlað starfsbrautarkennurum í framhaldsskólum. Málstofuerindi um áfangann verður 4.október 2013 á ráðstefnu um menntamál: Lærdómssamfélagið, samræða allra skólastiga.

Verkmenntaskólinn á Akureyri, 10. september 2013

Sigrún Fanney Sigmarsdóttir, verkefnisstjóri

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari

Snorri Björnsson, verkefnisstjóri